

Mál nr. 242/2024

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Greiðslukortatrygging.

Umfang tjóns.

Gögn.

1. Málskot móttakið 26. júní 2024, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 18. júlí 2024.
3. Viðbótarathugasemdir M dags. 22. júlí 2024.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að hinn 21. mars 2024 hafi M verið lögð inn á sjúkrahús í Kaupmannahöfn þar sem hún hafi greinst með blóðtappa í lungum. Eftir að hún kom aftur heim hafi hún leitað til læknis og liggur fyrir vottorð, dags. 8. apríl 2024, þess efnis að M ráðið frá lengri flugum og ferðalögum. Hafi M því orðið að hætta við fyrirhugaða ferð til Feneyja dagana 17. til 20. apríl 2024. Hafi V fallist á bótaskyldu vegna forfalla sem slíka en hafnað að greiða hlut M í gistikostnaði. Hafi V vísað til þess að M hafi átt þess kost að afpanta gistinguna fram til 10. apríl og fá fulla endurgreiðslu hennar. Afbókun hafi ekki átt sér stað þar sem samferðaraðili M, sem greitt hafi hálfan gistikostnaðinn á móti henni, hafi nýtt sér gistinguna, enda hafi verið útilokað að finna aðra gistingu með svo skömmum fyrirvara nema greiða margfalt verð fyrir. Standist það að mati M því enga skoðun að hún hafi vanrækt að afbóka gistinguna, enda hafi hún ekki átt þess neinn kost að afpanta „hálfu íbúð“.

Í bréfi V er vísað til þess að samkvæmt skilmálum gistisala hafi verið heimilt að afpanta gistinguna gegn fullri endurgreiðslu fram til 10. apríl. M hafi því haft tækifæri til að afpanta gistingu án kostnaðar eftir að ljóst varð að hún kæmist ekki í umrædda ferð. Vísar V þá til þess að tjónstakmörkunarskylda hvíli á M og þess að samkvæmt skilmálum váttryggingarinnar sé tjón sem stafi af því að váttryggður vanræki að tilkynna um forföll ekki bætt. Því hafi ekki verið um óendurkræfan kostnað að ræða og M hafi ekki sótt endurgreiðslu eins og henni hefði verið í lófa lagið að gera.

Í viðbótarathugasemdum M kemur fram margvísleg gagnrýni á upplýsingagjöf V og þjónustu. Þá er áréttað að ekki hafi verið hægt að koma í veg fyrir tjónið enda hafi M keypt gistingu með öðrum aðila og hafi staðið til að þau samnýttu hana. Er þá áréttað að útilokað hafi verið að finna aðra gistingu, nema þá á uppsprengdu verði enda mikið um að vera í Feneyjum umrædda daga.

Álit.

Í 11. gr. viðeigandi váttryggingarskilmála kemur fram að félagið bæti ferðakostnað sem greiddur er fyrir fram eða samið er um fyrirframgreiðslu á og fæst ekki endurgreiddur, allt að 350.000 kr., vegna ferðar sem hinn tryggði kemst ekki í ef ástæða þess er m.a. veikindi hins tryggða. Þá segir í f.-lið 12. gr. sömu skilmála að félagið bæti ekki tjón sem verði vegna þess að vanrækt sé að tilkynna ferðaskrifstofu eða þeim aðila sem útvegar flutning eða gistingu að nauðsynlegt hafi reynst að fella ferð niður, þ.e. ef tjón er ekki takmarkað með slíkri tilkynningu. V vísar þá til tjónstakmörkunarskyldu M en samkvæmt 1. mgr. 28. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004 skal váttryggður gera það sem með sanngirni má ætlast til af honum til að hindra eða takmarka tjón.

Aðila greinir samkvæmt framansögðu á um hvort M hafi borið að afpanta umrædda gistingu. Fyrir liggur að M keypti gistingu ásamt öðrum aðila sem til stóð að samnýta gistinguna með og að sá aðili hafi eftir sem áður farið í ferðina og nýtt gistinguna. M hefur fært fram trúverðug rök fyrir því að það hafi verið skynsamleg tilhögun. Verður því ekki litið svo á að M hafi vanrækt að tilkynna gistisala um að hún kæmist ekki í ferðina, sbr. fyrrgreint skilmálaákvæði, enda var gistirýmið nýtt af öðrum aðila. Eins og mál þetta liggur fyrir er það mat nefndarinnar að ekki sé sýnt fram á að með sanngirni hafi mátt krefjast þess af M hún afpantaði gistingu fyrir hönd ferðafélaga auk sjálfrar sín í þeim tilgangi að takmarka sitt eigið tjón. Verður V að bera hallann af sönnunarskorti hvað það varðar. Er að mati nefndarinnar ljóst að M hafi orðið fyrir fjártjóni vegna kaupa á gistingu sem hún gat ekki nýtt sér vegna veikinda og á hún, sbr. 1. mgr. 35. gr. laga um váttryggingarsamninga, rétt á að fá það tjón bætt.

Niðurstaða.

M á rétt til bóta úr greiðslukortatryggingu sinni hjá V vegna útlagðs kostnaðar hennar vegna gistingar.

Reykjavík, 5. nóvember 2024.
rafræn undirskrift

Póra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir